

## Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands, 9. febrúar, 2022

Fyrirlesari: Ásdís Halla Bragadóttir, rithöfundur

Efni: "Saga læknisins Moritz Halldórssonar"

Mættir: 44 skráðir, þar af fáeinir makar félagsmanna.

Í upphafi fundar minntist formaður látinna félaga, þeirra Ara Halldórssonar, Gunnlaugs Geirssonar, Jónasar Hallgrímssonar, Hilmis H. Jóhannssonar og Ólafs Mixa. Loks minntist formaður einnig Jóhanns Axelssonar, prófessors í lífeðlisfræði. Síðan kynnti hann fyrirlesarann, Ásdísi Höllu Bragadóttur. Sagan sem hún sagði okkur hófst þegar hún komst að því að hún hafði verið rangfeðruð og kynntist í kjölfarið blóðföður sínum. Hann sagði henni sögur af mörgum merkjum forfeðrum og frændgarði, en þegar Ásdís rakst á nafnið Moritz Halldórsson og spurði um hann var þögn. Þá var forvitni hennar vakin, hver var þessi maður sem ekki mátti tala um? Heimildavinna leiddi hana í skjalasöfn í Danmörku og Bandaríkjunum og afraksturinn er bókin "Læknirinn í englaverksmiðjunni" sem kom út nú fyrir jólin. Moritz var sonur Halldórs Kr. Friðrikssonar, yfirkennara í Menntaskólanum í Reykjavík. Hann lærði læknisfræði í Kaupmannahöfn og þar hóf hann læknisstörf og sinnti m.a. börnum á fósturheimilum. Þetta voru óvelkomin börn ógæfusamra kvenna. Hann varð fljótlega þekktur fyrir að hjálpa konunum, oft vændiskonum, til þess að slík börn fæddust ekki. Eitt sinn leitaði til hans stöndug kona sem greiddi honum vel til að losa sig við 7 mánaða fóstur. Fyrir þetta var hann dæmdur og hnepptur í fangelsi. Hann útvegaði einnig starfskonum fósturheimilis morfin sem þær notuðu til að enda líf skjólstæðinga, en var ekki dæmdur fyrir það. Moritz var náðaður með því skilyrði að hann myndi ekki búa í danska ríkinu og fluttist hann til North Dakota. Þar sinnti hann læknisstörfum til æviloka og hélt þar eitthvað áfram að aðstoða konur í vandræðum. Moritz féll aldrei í kramið meðal þeirra sem töldust jafningjar, hann var sósíalisti en líka hrokagikkur í augum margra. Hann fékk þá umsögn í fangelsinu að vera fljótfærinn og "havesyg" - haldinn áráttu að eignast hluti. Hvort tveggja átti ugglaust þátt í þeim áföllum sem hann varð fyrir. En hann var bjargvættur margra kvenna og annarra sjúklinga sinna.

Það var skemmtileg tilbreyting að hafa ekkert myndefni og allra augu beindust að líflegu andliti og handahreyfingum fyrirlesarans. Halla spann frásögn sína í rétt u.þ.b. hálf tíma. Lét þá staðar numið í ekki hálfnuðu lífshlaupi söguefnisins og var þá eftir öll starfsævi hans í Vesturheimi. Hún hvatti þá til spurninga og ekki stóð á þeim. Margir höfðu lesið bókina og lögðu ýmislegt til málanna. Eftir ríflega þriggja kortera skemmtilegar samræður og frekari frásagnir, um aðstöðuleysi kvenna og fóstureyðingar, stöðuveitingar, virðingarleysi þingmannssonar fyrir landslögum, afstöðu danskra og sænskra innflytjenda til Íslendinga í Bandaríkjunum o.fl. var fundi slitið.

Helga M. Ögmundsdóttir